

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 2006 í máli nr. E-2348/2006:

Einar Guðmundur Guðjónsson

(Gylfi Thorlacius hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Mál þetta höfðaði Einar G. Guðjónsson með stefnu birtri 26. apríl 2006 á hendur fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 3. nóvember sl.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skylda stefnda til greiðslu dráttarvaxta af vangoldnum launum til stefnanda vegna tímabilsins 1. september 2001 til 1. maí 2004, sem greidd voru 7. og 14. maí 2004. Stefnandi krefst málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Ríkið og Landsamband lögreglumanna gerðu með sér samning um kjaramál lögreglumanna 13. júlí 2001. Síðan var gerður sérstakur stofnanasamningur 21. nóvember 2001. Með þessu samkomulagi var breytt nokkuð reglum um launahækkun vegna starfsaldurs. Urðu af þessu nokkrar deilur. Nokkrir lögreglumenn höfðuð mál á hendur ríkinu og lauk þeim með dómum Hæstaréttar 18. mars 2004. Stefnandi þessa máls hafði ekki höfðað mál, en í framhaldi af dómum þessum voru launagreiðslur til hans fyrir tímabilið frá 1. september 2001 til apríl 2004 leiðréttar. Greiðslur þessar voru inntar af hendi 7. og 14. maí 2004. Námu þær samtals 1.511.428 krónum. Um var að ræða höfuðstól þess sem vantað hafði á fullar launagreiðslur, en vextir voru ekki greiddir. Svipaðar greiðslur munu hafa verið inntar af hendi til fleiri lögreglumanna, sem eins og stefnandi höfðu ekki höfðað mál.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dagsettu 18. maí 2004, óskaði stefnandi eftir því að greiddir yrðu dráttarvextir af hinni vangreiddu upphæð. Vísaði hann í bréfi sínu til dóms Hæstaréttar í einu af áður nefndum málum.

Ráðuneytið svaraði stefnanda með bréfi 1. júlí 2004. Þar var beiðni stefnanda um greiðslu dráttarvaxta hafnað. Segir í bréfinu að grundvöllur til greiðslu dráttarvaxta sé sá að fjárfrafa hafi verið höfð uppi af hálfu aðila og að dráttur hafi orðið á greiðslu. Þar sem stefnandi hafi ekki haft uppi fjárkröfu fyrr en með bréfinu 18. maí 2004 hafi ekki orðið dráttur á greiðslu til hans.

Nokkur bréf gengu á milli aðila næstu mánuði, en afstaða þeirra breyttist ekki. Mál þetta var loks höfðað eins og áður segir með stefnu, birtri 26. apríl 2006.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að óumdeilt sé að honum hafi verið raðað í rangan launaflokk. Sú röðun hafi verið leiðrétt og vangoldin laun greidd. Hann eigi hins vegar kröfu um greiðslu dráttarvaxta af hinni vangreiddu fjárhæð. Stefnandi sé ríkisstarfsmaður. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 70/1996 sé gjalddagi launa ríkisstarfsmanna fyrsti virki dagur hvers mánaðar.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/2001 geti kröfuhafi krafist dráttarvaxta frá gjalddaga fram að greiðsludegi. Stefnandi telur að launakrafa sín sé peningakrafa. Ljóst sé að stefndi hafi ekki greitt honum laun í samræmi við kjarasamning.

Þar sem gjalddagi einstakra launagreiðslna sé fyrir fram ákveðinn beri að greiða dráttarvexti frá gjalddaga þar til greitt er. Stefnandi telur að því beri að fallast á kröfu sína um viðurkenningu á skyldu stefnda til að greiða dráttarvexti.

Þá vísar stefnandi til þess að með áðurnefndum hæstaréttardómi hafi lögreglumanni í sambærilegri stöðu og hann sjálfur, verið dæmd vangoldin laun auk dráttarvaxta. Synjun stefnda á því að greiða sér dráttarvexti telur stefnandi fela í sér brot á jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Samkvæmt meginreglum vinnuréttar hvíli engin kvöð á launþega að setja fram ákveðna launakröfu í hverjum mánuði eða krefja sérstaklega um greiðslu ef hann telur vanta upp á launagreiðslur. Hann hafi ekki sýnt af sér neins konar tómlæti við innheimtu kröfu sinnar.

Í málflutningi mótmælti stefnandi því að hluti kröfu sinnar væri fyrndur. Miða yrði við að með greiðslunum í maí 2004 hafi verið greiddir áfallnir vextir og upp í höfuðstól og fyrning þar með verið rofin.

Auk áðurgreindra réttarheimilda vísar stefnandi til ákvæða kjarasamninga og almennra reglna um skuldbindingargildi samninga. Loks er vísað til meginreglna stjórnsýsluréttar og 5. og 6. gr. laga nr. 38/2001.

Í stefnu er kröfum beint að embætti lögreglustjórans í Reykjavík, auk íslenska ríkisins. Fallið hefur verið frá kröfum á hendur embættinu sérstaklega.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi segir að stefnandi hafi ekki haft uppi fjárkröfu fyrr en eftir að fullnaðaruppgjör hafði farið fram. Hann kveðst því hafna því að honum beri að greiða dráttarvexti af þeim fjárhæðum sem greiddar voru.

Stefndi telur að hann hafi haft lögmætar ástæður til að halda eftir greiðslum þar til dómur Hæstaréttar lá fyrir. Mikill vafi hafi leikið á um túlkun viðkomandi samningsákvæða. Vísar stefndi hér til 7. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Enginn samningur hafi verið gerður við stefnda um að niðurstöður í dómunum skyldu einnig gilda um hans mál. Telur stefndi sig því ekki bundinn gagnvart stefnanda af vaxtaákvörðun í dómunum.

Þá mótmælir stefndi því að með afstöðu sinni brjóti hann gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga. Það sé lögfræðilegur munur á máli stefnanda og þeirra lögreglumanna sem höfðuðu mál á sínum tíma. Dómur sé ekki bindandi nema fyrir aðila, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi hafi ekki haft uppi fjárkröfur fyrr en eftir að honum hafði verið greitt.

Stefndi telur að greiðsluskylda gagnvart stefnanda hafi fyrst orðið til er dómur gengu í málum lögreglumanna þann 18. mars 2004. Enginn dráttur hafi því orðið á greiðslum til stefnanda. Vinnuveitandi hafi þurft að túlka kjarasamning og niðurstaða hafi ekki legið fyrir fyrr en með dómi Hæstaréttar. Réttur til dráttarvaxta stofnist ekki fyrr en sú niðurstaða liggi fyrir, í þeim tilvikum er viðkomandi hefur ekki reynt að sækja rétt sinn.

Loks vísar stefndi til þess að samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnist vextir á fjórum árum. Yrði fallist á kröfur stefnanda séu þó fyrndir vextir sem á hafi fallið fyrir 26. apríl 2002, en stefna var birt 26. apríl 2006.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi hefur krafist viðurkenningar á rétti en ekki greiðslu tiltekinnar fjárhæðar. Er honum þetta heimilt hér samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Atvik máls þessa eru óumdeild. Stefndi ákvað að fylgja niðurstöðu Hæstaréttar um alla þá lögreglumenn sem eins var ástatt um og greiða þeim laun í samræmi við þá túlkun kjarasamnings sem rétturinn taldi rétta. Með dómi Hæstaréttar var ekki skapaður réttur, heldur viðurkennt að réttur væri fyrir hendi og veittur aðfararhæfur dómur til að honum yrði framfylgt. Viðurkenning stefnda á rétti stefnanda til frekari launagreiðslna fól því í sér viðurkenningu á því að greiða hefði átt samkvæmt þeim niðurstöðum sem Hæstiréttur komst að þegar frá byrjun sumarið 2001.

Gjalddagi launa er fyrir fram ákveðinn. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 bar stefnda því að greiða stefnanda dráttarvexti af þeim hluta sem vangreiddur var, frá gjalddaga hveðrar greiðslu.

Krafa stefnanda er ekki fallin niður fyrir tómlæti eða fyrnd. Greiðslu stefnda í maí 2004 getur stefnandi metið sem greiðslu áfallinna vaxta og hluta höfuðstóls. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þó ekki hafi verið formlega samið um að niðurstöður í áðurgreindum dómsmálum skyldu gilda um stefnanda.

Verða kröfur stefnanda samkvæmt framansögðu teknar til greina eins og nánar greinir í dómsorði. Stefnda ber að greiða stefnanda 275.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Viðurkennt er að stefnda, íslenska ríkinu, ber að greiða stefnanda, Einari G. Guðjónssyni, dráttarvexti af þeim vangreiddu launum sem honum voru greidd 7. og 14. maí 2004, frá gjalddaga hvernar greiðslu.

Stefndi greiði stefnanda 275.000 krónur í málskostnað.